

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 720/2019 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim.

1. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

5. gr. a

Útnefning Veðurstofu Íslands sem eldfjallaeftirlitsstöð.

Samgöngustofa útnefnir Veðurstofu Íslands sem eldfjallaeftirlitsstöð fyrir virk eldfjöll á Íslandi.

5. gr. b

Útgáfa flugkorta.

Eingöngu skal gefa út flugkort til birtingar í Flugmálahandbók Íslands fyrir flugvelli sem starfa á grundvelli starfsleyfis Samgöngustofu samkvæmt reglugerð um flugvelli.

Samgöngustofa skal tilgreina hvaða flugkort skal gefa út á Íslandi.

2. gr.

Innleiðing.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/469 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012, reglugerð (ESB) nr. 139/2014 og reglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, hönnun loftrýmis-skipulags og gæði gagna, öryggi á flugbrautum og niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 73/2010, samanber ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2023 frá 28. apríl 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68 frá 21. september 2023, bls. 82-324.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1177 frá 7. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/469 að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinnar ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn, samanber ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2023 frá 28. apríl 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62 frá 31. ágúst 2023, bls. 1031-1032.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/665 frá 22. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í U-rýmis loftrými sem tilgreint hefur verið innan flugstjórnarrýmis, samanber ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2023 frá 28. apríl 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62 frá 31. ágúst 2023, bls. 966-968.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1338 frá 11. ágúst 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og leiðir til skýrslugjafar á milli stofnana eða fyrirtækja, og kröfur um veðurþjónustu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2023 frá 28. apríl 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62 frá 31. ágúst 2023, bls. 1128-1168.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/403 frá 30. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því varðar skilgreiningu á SIGMET-skeyti og tiltekna kröfur í tengslum við sérlegt sjónflug og flugheimildir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2024 frá 25. október 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85 frá 21. nóvember 2024, bls. 601-603.

3. gr.

7. gr. reglugerðarinnar breytist og orðast svo:

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 253. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 188. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 og öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 772/2010 um upplýsingaþjónustu flugmála, reglugerð nr. 773/2010 um flugkort og reglugerð nr. 787/2010 um flugumferðarþjónustu.

Innviðaráðuneytinu, 3. janúar 2025.

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,

Árni Freyr Stefánsson.

Vala Hrönn Viggósdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 20. janúar 2025